


Sjálfsmatsskýrsla Brúarásskóla 2023-2024

Skýrslunni er ætlað að gera grein fyrir helstu niðurstöðum Skólapúlsins sem lagður var fyrir nemendur í 6.-10. bekk í október. Þar eru ýmsir þættir sem horfa þarf til að bæta í þeim tilgangi að styðja betur við nám og þroska nemenda.

Virkni nemanda í skólanum


Nokkrir þættir sem reynt er að draga fram í Skólapúlsinum og er ætlað að mæla virkni nemanda í skólanum koma út fyrir neðan meðaltal á landsvísu. Þetta á við um þætti eins og *þrautseigja í námi*.

1.2. Þrautseigja í námi – Kyn*




Svipaðar niðurstöður má sjá í þætti þar sem spurt er um *trú á eigin námsgetu*. Þar má þó greina það í niðurstöðunum að það eru einkum elstu árgangana tvo sem skortir þessa trú sem er mikilvægt veganesti í áframhaldandi leið þeirra til menntunnar.

1.6. Trú á eigin námsgetu – Árgangamunur




Í fleiri þáttum sem snúa að virkni nemanda í skólanum er Brúarásskóli fyrir neðan landsmeðaltal. Það er þó í þættinum ánægja af lestri sem við erum yfir landsmeðaltali. Þar eins og í mörgum þáttum hjá okkur standa stúlkur betur að vígi en drengir.

1.1. Ánægja af lestri – Kyn



Mun lægra hlutfall nemenda er með snjallsíma á skólatíma í Brúarásskóla en að meðaltali í öðrum skólum. Það skýrist líklega einkum af því að frá og með skólabyrjun haustið 2023 varð Brúarásskóli *símalaus skóli* og hefur það verkefni gengið afskaplega vel. Starfsfólk skólans hafði orðið vitni að auknum neikvæðum áhrifum snjallsímanotkunar á skólatíma og síðastliðið vor var ákveðið að fylgja í fótspor fjölmargra annara skóla hér austanlands og gera Brúarásskóla símalausan. Spurningin sem hér lá til grundvallar snýr þó eingöngu að því hvort börnin hafi símann meðferðis í skólanum. Langflestir nemendur afhenda hann svo í upphafi fyrstu kennslustundar og fá hann afhentan í lok dags.

1.7. Hlutfall nemenda með snjallsíma – Árgangamunur*




Leiðir til úrbóta í virkni nemenda

Í öllum þeim þáttum sem snúa að virkni nemanda í skólastarfinu er svigrúm fyrir bætingu. Margir þeirra þátta sem þarna er fjallað um snúa að hugarfari gagnvart viðfangsefnum. Brúarásskóli er að innleiða leiðsagnarnám og mjög margt í þeirri hugmyndafræði miðar að því að efla nemendur í að takast á við nám af þrautseigju og jákvæðni. Styðja þarf við alla nemendur á persónulegan hátt og efla hjá þeim sjálfstraust og vilja til að gera vel. Þarna þurfum við að gera betur en hafa verður í huga að talsverðar breytingar urðu á hópi nemenda í 6.-10. bekk milli ára og það er mikil vinna framundan við að koma til móts við þarfir allra.

Líðan og heilsa


Sjálfsálit er einn þeirra þátta sem Skólapúlsinn mælir. Sá þáttur kemur heilt yfir betur út í Brúarásskóla en á landsvísu. Það er talsverður munur á árgöngum eins og sjá má. 6.-7. bekkur og 8. bekkur eru þannig talsvert fyrir ofan landsmeðaltal en 9.-10. bekkur örlítið undir.

2.1. Sjálfsálit – Árgangamunur




Sá þáttur sem kom langbest út í könnuninni snýr að mötuneyti Brúarásskóla. Þar var spurt hvort maturinn væri oftast góður eða frekar góður? 91,3% nemenda svaraði því játandi en hlutfallið á landsvísu var rétt rúmlega 40% sem svaraði því játandi.

2.9. Oftast góður eða frekar góður matur – Árgangamunur*



Einelti er annar þáttur sem mældur er í Skólapúlslinu. Því miður eru fjórir nemendur í 9.-10. bekk sem segjast hafa upplifað einelti á síðustu 30 dögum og einn nemandi í 6.-7. bekk. Þetta ber að taka alvarlega og um þetta hefur nú þegar verið fjallað á starfsmannafundi.

2.6. Tíðni eineltis – Árgangamunur



Leiðir til úrbóta í líðan og heilsu


Eitt tilfelli um einelti er einu tilfelli of mikið að mati okkar sem störfum í Brúarásskóla. Það eru því mikil vonbrigði að sjá hve hátt hlutfall nemenda í 6.-10. bekk telja sig hafa upplifað einelti á eigin skinni nýverið. Við þessu þarf að bregðast og nú þegar hefur verið ákveðið að leggja fyrir tengslakönnun til þess að reyna að finna hvar meinsemdin liggur og í kjölfarið verður farið í áframhaldandi vinnu til að komast að rótum vandans og uppræta hann.

Skóla- og bekkjarandi


Það sem er einkar athyglisvert í niðurstöðunum í ljósi þess sem fram kemur hér að ofan er að þrír þættir af fimm sem snúa að skóla- og bekkjaranda koma betur út í Brúarásskóla heldur en á landsvísu og ekki síst í 9.-10. Bekk. Þetta eru eftirfarandi þættir: *Samsömun við nemendahópinn, samband nemenda við kennara og tíðni leiðsagnarmats*. Með síðastnefnda þættinum er átt við hversu mikla endurgjöf nemendum finnst þeir fá í náminu frá kennurum. En þrátt fyrir að þessir þættir komi fremur vel út

undirstrikar það í raun bara þörfina á því að skilgreina vandann betur í elstu bekkjunum og finna leiðir til úrbóta.


3.1. Samsömun við nemendahópinn – Árgangamunur*



3.2. Samband nemenda við kennara – Árgangamunur



3.5. Tíðni leiðsagnarmats – Árgangamunur



Samantekt

Starfsfólk Brúarásskóla hefur einsett sér að vinna einbeitt af einhug gegn öllum þeim þáttum sem komu verr út úr Skólapúlsinum en við höfðum vonast eftir. Auk þess sem kemur fram í Skólapúlsinum höfum

við starfsfólkið sjálf tilgreint nokkra þætti sem snúa að skólastarfinu og við teljum mikilvægt að standa vörð um og aðra þætti sem við viljum bæta. Haldinn var rýnifundur með öllu starfsfólki síðastliðið vor til að skerpa á áherslum í skólastarfinu og við munum áfram nota okkur þá aðferð til að bæta skólastarfið. Stærsta sameiginlega átakið okkar hingað til eftir þennan fund er að gera Brúarásskóla að símalausum skóla. Við höfum ennfremur unnið að nánara og fastmótaðra samstarfi við Tónlistarskóla Norður Héraðs sem starfar hér í Brúarási einnig. Samstarfið hefur í gegnum tíðina gefið skólastarfinu í Brúarásskóla gríðarlega mikið en nauðsynlegt er að treysta samstarfið í sessi og tryggja gott samkomulag við umsjónarkennara hvers hóps fyrir sig. Frá síðastliðnu hausti höfum við auk þessa verið með verkefni í gangi sem miðar að því að samþætta síðasta árið í leiksskólanum hér í Brúarási við skólastarf grunnskólans. Nemendur á síðasta ári leiksskólans hafa verið talsvert með nemandanum sem er í 1. bekk í námshóp. Við eru ánægð með þetta tilraunaverkefni en við erum með það í sífelldri endurskoðun og ljóst að 1. bekkjar nemandinn verður meira og meira með 1.-5. Bekk eftir því sem líður á veturinn en við munum halda áfram að vinna sérstaklega með hópinn sem er á síðasta ári í leiksskólanum.

Virðingarfyllt

Ásgrímur Ingi Arngrímsson

Skólastjóri Brúarásskóla